

Sólarhringsmeðferð í öndunarvél á heimili sjúklings.

31. mál, þingsályktunartillaga

Umsögn frá Umhyggju – félagi langveikra barna

Félagið fagnar þessari tillögu til þingsályktunar um sólarhringsmeðferð í öndunarvél á heimili sjúklinga. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir þennan sjúklingahóp.

Félaginu langar að koma eftirfarandi á framfæri:

Í fyrstu málsgrein segir að gera þurfi ráðstafanir til að hægt verði að bjóða þeim sjúklingum sem þurfa langtímameðferð í öndunarvél um barkarennu. Þetta er of þröng skilgreining því sumir sjúklingar sem þurfa á öndunarvél að halda allan sólarhringinn nota ekki barkarennu, heldur eru með maska ýmist yfir munn og/eða nef. Þeirra umönnun er fullkomlega sambærileg við þá umönnun sem sjúklingar tengdir öndunarvél um barkarennu þarfnast.

F.h. Umhyggju – félags langveikra barna,

Ragna K. Marinósdóttir,

framkvæmdastjóri Umhyggju.